

8. fundur Foreldraráðs ML, stjórnarskiptafundur, haldinn í Laugarási þriðjud. 13. nóv. 2012 kl 17.

Mætt voru: Kristjana Gestsdóttir, fráfaramaður, Engilbert Olgeirsson, gjaldkeri, Geirprúður Sighvatsdóttir, ritari og Sigríður Björk Gylfadóttir, nýr fulltrúi foreldra nýnema í stjórn.

Kristjana setti fund og Geirprúður ritaði fundargerð.

1. mál á dagskrá var verkaskipting nýrrar stjórnar/Foreldraráðs og skipti það með sér verkum.

Foreldraráð yfirstandandi skólaárs skipa:

Sigríður Björk Gylfadóttir formaður,
Engilbert Olgeirsson gjaldkeri og
Geirprúður Sighvatsdóttir ritari.

Sigríður Björk verður fulltrúi foreldra í skólanefnd ML, Engilbert er til vara.

2. Vetrarstarfið.

Rætt um **sex tugsafmæli skólans** og aðkomu foreldra að því.

Hugmyndir um að Foreldraráð/Foreldrafélagið standi að “degi foreldra” á Laugarvatni, þar sem fjölskyldur nemenda í ML kæmu saman, t.d. einn laugardags-eftirmiðdag í vor, skoðuðu skólann og nágrenni hans undir leiðsögn kunnugra (kennara/starfsfólks/nemenda/foreldra úr hópi fyrrverandi nemenda), sem segðu frá lífinu og starfinu í skólanum, félagslífi nemenda, skemmtilegum hefðum, uppákomum, kennileitum í nágrenni skólans o.s.frv.

Það væri gaman að heyra kórsöng/skemmtiatriði eða annað framlag frá nemendum og drekka saman kaffi og spjalla og kynnast.

Fleiri hugmyndir vel þegnar.

Athugað verði með **gjöf til skólans**, sem gagnaðist nemendum sérstaklega, t.d. í tómstundastarfi. Leitað verði eftir hugmyndum frá nemendum. Geirprúður athugi það.

Varðandi **fræðsluerindi eða fyrirlestur** fyrir foreldra og/eða nemendur, verði haft samráð við Pálma. (meðal hugmynda um efni: blátt áfram, eineltismál, netnotkun) Sigríður athugi með það.

Lagt til að starfskraftar varamanna verði virkjaðir betur en gert hefur verið. Samþykkt var að framvegis verði varamenn boðaðir á fundi Foreldraráðs og fundargerðir sendar til þeirra í tölvupósti.

Annað ekki rætt. Kristjana þakkaði að því mæltu fyrir gott samstarf í Foreldraráði, óskaði nýrri stjórn velfarnaðar og sleit fundi kl 18.30.

Geirprúður Sighvatsdóttir, ritari